

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins**Nr. 16**

10. árgangur

27.3.2003

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2003/EES/16/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 272/02/COL frá 18. desember 2002 um þriðju breytingu á starfsreglum Eftirlitsstofnunar EFTA	1
2003/EES/16/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 177/02/COL frá 30. október 2002 um starfssvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppismálum	2
2003/EES/16/03		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 244/02/COL frá 11. desember 2002 um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 71/94/COL frá 27. júní 1994 um stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublæðingar og um að fella úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 159/98/COL frá 25. júní 1998	6
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2003/EES/16/04		Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Høyesterett, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 17. desember 2002 í málinu Paranova AS gegn Merck & Co Inc. o.fl. (Mál E-3/02)	8
2003/EES/16/05		Mál höfðað þann 20. janúar 2003 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn lýðveldinu Íslandi (Mál E-1/03)	9
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2003/EES/16/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3086 – Gaz de France/Preussag Energie)	10

2003/EES/16/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3139 – Carlyle/Breed Technologies)	11
2003/EES/16/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3035 – Berkshire Hathaway/Converium/Gaum/JV)	12
2003/EES/16/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3062 – IBM/Rational)	12
2003/EES/16/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3112 – Aeroports de Paris/Aelia)	13
2003/EES/16/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3073 – Nuon Deutschland/Stadtwerke Leipzig/Stadtlicht)	13
2003/EES/16/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 1/2003 - Þýskaland	14
2003/EES/16/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 2/2003 - Danmörk	14
2003/EES/16/14	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 11/2003 - Þýskaland	15
2003/EES/16/15	Tilkynning um breytingu á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan sjálfstjórnarsvæðisins Asoreyja	15
2003/EES/16/16	Áætlunarflug - Útboðslýsing frá ítölskum stjórnvöldum, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92, varðandi áætlunarflug milli Crotone og Rómar	16
2003/EES/16/17	Áætlunarflug - Útboðslýsing frá ítölskum stjórnvöldum, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92, varðandi áætlunarflug milli Crotone og Mílanó	17
2003/EES/16/18	Skrá yfir útgefnar gerðir frá framkvæmdastjórninni	18

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2003/EES/16/01

nr. 272/02/COL

frá 18. desember 2002

um þriðju breytingu á starfsreglum Eftirlitsstofnunar EFTA ⁽¹⁾

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum 13. gr.,

með tilliti til starfsreglna Eftirlitsstofnunar EFTA,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að gera ákveðnar breytingar á starfsreglum stofnunarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. Í stað fyrstu málsgreinar 2. gr. komi eftirfarandi:

„Stjórnarráðið skal við opinber störf sín njóta aðstoðar fjögurra deilda, nánar tiltekið tveggja stjórnardeilda, laga- og stjórnarráðsskrifstofu og stjórnsýsludeildar.“

2. Ákvæði 21. gr. hljóði:

„Geti framkvæmdastjóri ekki sinnt störfum sínum eða skyldum skal lægra settur embættismaður eða embættismenn, í þeirri röð sem framkvæmdastjóri tilgreinir, annast þau nema stjórnarráðið ákveði annað.“

3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

4. Ákvörðun þessi, sem telst fullgild á ensku, skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 18. desember 2002

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Einar M. Bull
forseti

Niels Fenger
framkvæmdastjóri

⁽¹⁾ Samþykkt af Eftirlitsstofnuninni 7. janúar 1994 með ákvörðun nr. 1/94/COL (Stjtið. EB L 113, 4.5.1994, bls. 19 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.5.1994), eins og þeim var fyrst breytt með ákvörðun 18/95/COL frá 17. mars 1995 og annað sinn með ákvörðun 71/95/COL frá 5. júlí 1995.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2003/EES/16/02

nr. 177/02/COL

frá 30. október 2002

um starfssvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 55. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-rikkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽²⁾, einkum 13. og 14. gr.,

að höfðu samráði við EFTA-rikin,

að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Réttur málsaðila og réttur þriðju aðila í samkeppnismálum til að skýra frá sjónarmiðum sínum áður en lokaákvörðun er tekin sem varðar hagsmuni þeirra er grundvallarregla í EES-rétti.

Kveðið er á um þennan rétt í IV., XIII. og XIV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Eftirlitsstofnun EFTA ber að tryggja að þessi réttur sé tryggður við meðferð samkeppnismála.

Því ber að fela umsjón málsmeðferðar í hendur óháðum aðila sem hefur reynslu af samkeppnismálum og sem sökum ráðvæðni sinnar stuðlar að því að hún fari fram á óhlutdrægan, skýran og skilvirkan hátt.

Til að tryggja sjálfstæði skýrslufulltrúa er rétt að þeir séu, hvað stjórnsýslu varðar, í tengslum við þann stjórnarmann sem fer með samkeppnismál.

Starfssvið skýrslufulltrúa í samkeppnismálum ber að móta á þann hátt að réttur aðila til að tala máli sínu sé tryggður allan tímann meðan á málsmeðferð stendur.

Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á almennar reglur um aðgang að skjölum í vörslu Eftirlitsstofnunar EFTA.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I.

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, þegar þörf krefur vegna málsmeðferðar í samkeppnismálum, tilnefna einn eða fleiri skýrslufulltrúa (hér á eftir kallaður „skýrslufulltrúi“), sem eiga að tryggja að réttur viðkomandi til að tala máli sínu sé virtur í samkeppnismálum sem stofnunin hefur til meðferðar samkvæmt 53., 54. og 57. gr. EES-samningsins ⁽³⁾.

2. gr.

1. Til að gera hlé á störfum skýrslufulltrúa, binda enda á skipunartíma hans eða flytja hann til í starfi, án tillits til hvernig að því er staðið, þarf rökstudda ákvörðun stjórnarráðsins.
2. Skýrslufulltrúi skal starfa sjálfstætt og tengjast þeim stjórnarmanni innan stjórnarráðsins sem ber ábyrgð á samkeppnismálum (hér á eftir kallaður „ábyrgur stjórnarmaður“).
3. Geti skýrslufulltrúi ekki sinnt störfum sínum skal ábyrgur stjórnarmaður, eftir því sem við á og að höfðu samráði við skýrslufulltrúa, tilnefna annan embættismann, sem ekki hefur komið að viðkomandi máli, til að annast skyldustörf skýrslufulltrúa.

3. gr.

1. Við skyldustörf sín skulu skýrslufulltrúar taka mið af þörfinni fyrir skilvirka beitingu samkeppnisreglna í samræmi við gildandi EES-lög og þær meginreglur sem mælt er fyrir um af EFTA-dómstólum ⁽⁴⁾ og dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.

⁽³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skipta með sér heimild til að meðhöndla einstök mál sem falla undir 53. og 54. gr. EES-samningsins samkvæmt ákvæðum 56. gr. EES-samningsins. Eingöngu önnur stofnunin hefur heimild til að annast tiltekið mál.

⁽⁴⁾ Í 6. gr. EES-samningsins er kveðið á um að „með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðinir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála“. Að því er varðar úrskurði sem máli skipta og kveðinir hafa verið upp eftir undirritunardag EES-samningsins, leiðir af 2. mgr. 3. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól að Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn skuli taka tilhlyðilegt tillit til þeirra meginreglna sem mælt er fyrir um í þeim.

⁽¹⁾ Hér á eftir kallaður EES-samningurinn.

⁽²⁾ Hér á eftir kallaður samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól.

2. Sá framkvæmdastjóri sem fer með samkeppnismál skal skýra skýrslufulltrúa frá þróun málsmeðferðar allt þar til drög að ákvörðun er lögð fyrir ábyrgan stjórnarmann.
3. Skýrslufulltrúa er heimilt að koma athugasemdum við allar spurningar sem vakna í sambandi við meðferð samkeppnismála, sem Eftirlitsstofnun EFTA á framkvæði að, á framfæri við ábyrgan stjórnarmann.

4. gr.

1. Skýrslufulltrúar skulu skipuleggja og leiða skýrslugjöfina, sem kveðið er á um í ákvæðum til framkvæmdar á 53., 54. og 57. gr. EES-samningsins, í samræmi við 5. til 13. gr. þessarar ákvörðunar.
2. Ákvæðin sem vísað er til í 1. mgr. er að finna í:
 - a) IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,
 - b) XIV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

5. gr.

Skýrslufulltrúi skal tryggja að rétt sé staðið að skýrslugjöf og stuðla að því að sjálf skýrslugjöfin og allar ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið séu óhlutdrægar. Við undirbúning á drögum að ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA skal skýrslufulltrúi einkum leitast við að tryggja að tilhlýðilegt tillit sé tekið til allra staðreynda sem skipta máli, hvort sem þær eru hagstæðar eða óhagstæðar fyrir viðkomandi aðila, þar með taldar staðreyndir málsins varðandi alvarleika hvers brots.

6. gr.

1. Beiðnir frá þriðju aðilum um að fá að tala máli sínu, hvort sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki eða samtök einstaklinga eða fyrirtækja, skulu lagðar fram skriflega, ásamt skriflegri yfirlýsingu þar sem greint er frá hagsmunum umsækjanda með tilliti til niðurstöðu málsmeðferðarinnar.
2. Ákvarðanir um hvort þriðju aðilar fá að tala máli sínu skulu teknar að höfðu samráði við þann framkvæmdastjóra sem fer með samkeppnismál.
3. Ef talið er að umsækjandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi nægilegra hagsmuna að gæta til að tala máli sínu, þá skal honum tilkynnt skriflega frá ástæðum slíkrar niðurstöðu. Viðkomandi skal veittur ákveðinn frestur til að leggja fram frekari skriflegar athugasemdir.

7. gr.

1. Beiðnir um að fá að tala máli sínu með munnlegri skýrslugjöf skulu lagðar fram í skriflegum athugasemdum

umsækjanda við bréfum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur sent honum.

2. Bréfin sem vísað er til í 1. mgr. eru:
 - a) tilkynningar um athugasemdir,
 - b) bréf þar sem þriðja aðila, sem hefur sýnt fram á að hann hafi nægilegra hagsmuna að gæta til að fá að tala máli sínu, er boðið að gera skriflegar athugasemdir,
 - c) bréf þar sem kvartanda er tilkynnt að Eftirlitsstofnun EFTA telji ekki nægar ástæður liggja fyrir til að komast að niðurstöðu um brotlegt athæfi og þar sem kvartanda er boðið að leggja fram frekari skriflegar athugasemdir.
3. Ákvarðanir um hvort aðilar fá að gefa munnlega skýrslu eru teknar að höfðu samráði við þann framkvæmdastjóra sem fer með samkeppnismál.

8. gr.

1. Ef einstaklingur, fyrirtæki eða félag einstaklinga eða fyrirtækja, sem hefur fengið eitt eða fleiri bréf sem um getur í 2. mgr. 7. gr. þessarar ákvörðunar, hefur ástæðu til að ætla að Eftirlitsstofnun EFTA hafi í förum sínum skjöl sem hann hefur ekki haft aðgang að og að þessi skjöl séu nauðsynleg til þess að hann geti raunverulega nýtt sér réttinn til að tala máli sínu, getur hann sótt um aðgang að þessum skjölum með rökstuddri beiðni.
2. Rökstudd ákvörðun um hverja slíka beiðni skal tilkynnt þeim einstaklingi, fyrirtæki eða félaginu sem lagði fram beiðnina og öllum öðrum einstaklingum, fyrirtækjum eða félögum sem málsmeðferðin varðar.

9. gr.

Ef birta á upplýsingar sem kunna að heyra undir viðskiptaleynd fyrirtækis, skal því tilkynnt skriflega um þessa fyrirætlun og ástæður tilgreindar. Viðkomandi fyrirtæki skal veittur ákveðinn frestur til að leggja fram frekari skriflegar athugasemdir.

Ef viðkomandi fyrirtæki leggst gegn því að upplýsingarnar séu látnar í té, en talið er að þær falli ekki undir upplýsingavernd og því sé heimilt að birta þær, þá skal greina frá þeirri niðurstöðu í rökstuddri ákvörðun sem tilkynnt skal viðkomandi fyrirtæki. Í ákvörðuninni skal tilgreina hvenær upplýsingarnar verða birtar. Ekki má birta upplýsingar fyrr en a.m.k. einni viku eftir slíka tilkynningu.

Fyrsta og önnur málgrein gildir að breyttu breytanda um birtingu upplýsinga í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

10. gr.

Ef einstaklingur, fyrirtæki eða félag einstaklinga eða fyrirtækja, telur að fresturinn, sem hann fær til að svara bréfinu sem um getur í 2. mgr. 7. gr. þessarar ákvörðunar, sé of stuttur, er viðkomandi heimilt, innan þess frests sem upphaflega var veittur að sækja um framlengingu á honum með rökstuddri beiðni. Kvartanda skal tilkynnt skriflega um hvort orðið hefur verið við beiðninni.

11. gr.

Til að tryggja fullnægjandi undirbúning fyrir skýrslugjöf og sér í lagi að skýra málavexti svo sem framast er kostur, er skýrslufulltrúa heimilt, eftir atvikum og að höfðu samráði við framkvæmdastjórann sem fer með samkeppnismál, að útvega þeim aðilum sem boðið er til skýrslugjafar lista yfir spurningar sem hann óskar eftir að heyra álit þeirra á fyrirfram.

Í þessu skyni og að höfðu samráði við framkvæmdastjórann sem fer með samkeppnismál er skýrslufulltrúa heimilt að halda fund með þeim aðilum sem boðið er til skýrslugjafar, og ef við á, starfsmönnum Eftirlitsstofnunar EFTA til að undirbúa sjálfa skýrslugjöfina.

Skýrslufulltrúa er einnig heimilt að fara fram á fyrirfram skriflega tilkynningu um meginefni fyrirhugaðra yfirlýsinga frá einstaklingum sem þeir aðilar sem boðaðir eru til skýrslugjafar hafa lagt til að gefi skýrslu.

12. gr.

1. Að höfðu samráði við framkvæmdastjóra sem fer með samkeppnismál skal skýrslufulltrúi ákveða stað og stund fyrir skýrslugjöf og hversu lengi hún skuli vara. Ef farið er fram á frestun skal skýrslufulltrúi ákveða hvort hann verður veittur.
2. Skýrslufulltrúi ber að öllu leyti ábyrgð á framkvæmd skýrslugjafar.
3. Skýrslufulltrúi skal ákveða hvort heimilt er að leggja fram ný gögn meðan á skýrslugjöf stendur, hvaða aðilar skuli gefa skýrslu fyrir hönd viðkomandi aðila og hvort viðkomandi aðilar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra aðila sem eru viðstaddir skýrslugjöf.
4. Til að tryggja rétt viðkomandi til að tala máli sínu er skýrslufulltrúa heimilt, eftir því sem við á og að höfðu samráði við framkvæmdastjóra sem fer með samkeppnismál, að veita einstaklingum, fyrirtækjum og félögum einstaklinga og fyrirtækja kost á að leggja fram frekari skriflegar athugasemdir að afstaðinni munnlegri skýrslugjöf. Skýrslufulltrúi skal ákveða frestinn fyrir framlagningu slíkra athugasemda. Eftirlitsstofnun EFTA ber ekki skylda til að taka skriflegar athugasemdir sem berast eftir þann frest til greina.

13. gr.

1. Skýrslufulltrúi skal skýra ábyrgum stjórnarmanni frá skýrslugjöfinni og þeim ályktunum sem hann hefur dregið af henni hvað varðar réttinn til að tala máli sínu. Athugasemdir í þessari skýrslu skulu varða atriði er lúta að málsmeðferðinni, að meðtalinni birtingu á upplýsingum og aðgangi að gögnum, sem og frestinum til að svara tilkynningu um athugasemdir og réttir framkvæmd munnlegrar fyrirtöku.

Eintak af skýrslunni skal afhent framkvæmdastjóra sem fer með samkeppnismál.

2. Auk skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. er skýrslufulltrúa heimilt að gera athugasemdir um frekari framvindu málsmeðferðar. Slíkar athugasemdir geta meðal annars tekið til þess hvort frekari upplýsingar eru nauðsynlegar, hvort afturkalla eigi tiltekin andmæli eða tilkynna eigi um frekari andmæli.

14. gr.

Skýrslufulltrúa er heimilt, eftir atvikum, að gefa skýrslu um hlutlægni allra rannsókna sem gerðar eru til að meta áhrif á samkeppni af þeim skuldbindingum sem lagðar eru til í tengslum við málsmeðferð sem hafin er af Eftirlitsstofnun EFTA við beitingu ákvæðanna sem um getur í 1. gr. þessarar ákvörðunar. Þetta tekur einkum til val á aðilum sem eru yfirheyrðir og aðferðanna sem eru notaðar.

15. gr.

Skýrslufulltrúi skal, á grundvelli draga að ákvörðun sem á að leggja fyrir ráðgjafarnefndina, sem komið var á fót með tilliti til 53., 54. og 57. gr. EES-samningsins, í viðkomandi máli, skrifa lokaskýrslu um hvort rétturinn til að tala máli sínu hefur verið virtur, eins og um getur í 1. mgr. 13. gr. þessarar ákvörðunar. Í þessari skýrslu skal einnig metið hvort drögin að ákvörðuninni fjalla eingöngu um andmæli sem aðilunum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um og eftir atvikum hvort rannsóknin sem um getur í 14. gr. þessarar ákvörðunar hefur farið fram á óhlutrægan hátt.

Lokaskýrslan skal lögð fram fyrir þann stjórnarmann og framkvæmdastjóra sem fara með samkeppnismál. Henni skal komið á framfæri við rétt yfírvöld í EFTA-ríkjunum og við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna í samræmi við samstarfsákvæðin sem um getur í bókun 23 og 24 við EES-samninginn.

16. gr.

1. Lokaskýrsla skýrslufulltrúa skal fylgja drögunum að ákvörðuninni sem lögð er fram fyrir stjórnarráðið til að tryggja að þegar það tekur ákvörðun í einstaka máli, hafi það allar upplýsingar sem máli skipta um meðferð málsins og um hvort réttur viðkomandi til að tala máli sínu hefur verið virtur.

2. Skýrslufulltrúa er heimilt að gera breytingar á lokaskýrslunni í ljósi hvers kyns breytinga á drögum að ákvörðunina þar til stjórnarráðið tekur ákvörðun.
3. Eftirlitsstofnun EFTA skal koma lokaskýrslu skýrslufulltrúa, ásamt ákvörðuninni, á framfæri við þá sem ákvörðuninni er beint til. Hún skal birta lokaskýrslu skýrslufulltrúa í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, ásamt ákvörðuninni, að teknu tilliti til réttmætra hagsmuna fyrirtækjanna að því er varðar verndun viðskiptaleyndarmála þeirra.

II.

Ákvörðun þessi sem telst fullgild á ensku skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

III.

EFTA-ríkjunum skal til upplýsingar sent eintak af ákvörðuninni.

IV.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal til upplýsingar sent eintak af ákvörðuninni.

Gjört í Brussel, 30. október 2002.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Einar M. Bull
forseti

Hannes Hafstein
stjórnarmaður

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2003/EES/16/03

nr. 244/02/COL

frá 11. desember 2002

um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 71/94/COL frá 27. júní 1994 um stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublæðingar og um að fella úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 159/98/COL frá 25. júní 1998

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir kallaður EES-samningurinn), einkum 109 gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í lið 4.1.5 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

Tilskipun ráðsins 91/67/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og –afurða,

eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með ákvörðun nr. 71/94/COL ⁽¹⁾ frá 27. júní 1994 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA Noreg sem viðurkennt meginlandssvæði og strandsvæði fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðingar.

Með ákvörðun nr. 220/96/COL ⁽²⁾ frá 4. desember 1996 um breytingu á ákvörðun nr. 71/94/COL frá 27. júní 1994, kom Eftirlitsstofnun EFTA á ósamþykktu varnarsvæði nálægt Rússlandi sem tók til norska hluta vatnasvæðanna við Grense Jakobselv og Pasviká og ána þar á milli, ásamt tilheyrandi strandsvæði.

Þar sem tilfelli veirublæðingar var staðfest í Sygna- og Firðafylki í Noregi þá undanskildi Eftirlitsstofnun EFTA, með ákvörðun nr. 159/98/COL ⁽³⁾, vatnasvæðið við Rødeggevannet og Rødeggevassdraget að ármynninu frá viðurkennda svæðinu, að því er þann sjúkdóm varðaði.

Norsk stjórnvöld tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA með bréfi frá 19. mars 2002 um að hið staðfesta tilfelli veirublæðingar sem um getur í ákvörðun nr. 159/98/COL frá 25. júní 1998 stafaði að öllum líkindum af mengun sýnis í greiningarstofu.

Norsk stjórnvöld hafa því farið fram á við Eftirlitsstofnun EFTA að hún felli úr gildi ákvörðun nr. 159/98/COL frá 25. júní 1998.

Norsk stjórnvöld hafa lagt fram allar viðbótarupplýsingar sem Eftirlitsstofnunin fór fram á.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur metið allar upplýsingar frá norskum stjórnvöldum sem máli skipta.

Matið leiðir í ljós að hægt er að veita vatnasvæðinu við Rødeggevannet og Rødeggevassdraget að ármynninu aftur stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis.

Eftirlitsstofnunin telur því rétt að fella úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 159/98/COL.

Með ákvörðun nr. 201/02/COL vísaði Eftirlitsstofnun EFTA málinu til EFTA- nefndarinnar um dýraheilbrigði sem er Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýraheilbrigði sem er Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 71/94/COL frá 27. júní 1994 um stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublæðingar, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun nr. 220/96/COL og ákvörðun nr. 159/98/COL, er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Litið er svo á að þeir hlutar Noregs sem nefndir eru í viðaukanum hafi stöðu sem viðurkennd meginlandssvæði og strandsvæði fyrir fisk að því er varðar iðradrep og veirublæðingu.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 247 frá 22.9.1994, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 35 frá 22.9.1994, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 78 frá 20.3.1997, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 12 frá 20.3.1997, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 244 frá 3.9.1998, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 35 frá 3.9.1998, bls. 1.

2. Í stað viðaukans komi eftirfarandi:

„Viðauki

Iðradrep

Noregur, að undanskildum norska hluta vatnasvæðanna við Grense Jakobselv og Pasviká og ána þar á milli, ásamt tilheyrandi strandsvæði.

Veirublæðing

Noregur, að undanskildum norska hluta vatnasvæðanna við Grense Jakobselv og Pasviká og ána þar á milli, ásamt tilheyrandi strandsvæði.“

2. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 159/98/COL er hér með felld úr gildi.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. desember 2002.
4. Ákvörðun þessari er beint til Noregs.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 11. desember 2002

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Einar M. Bull
forseti

Bernd Hammermann
stjórnarmaður

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Høyesterett,
samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 17. desember 2002
í málinu Paranova AS gegn Merck & Co Inc. o.fl.**

2003/EES/16/04

(Mál E-3/02)

Høyesterett (Hæstiréttur Noregs) hefur sent EFTA-dómstólnum beiðni, samkvæmt úrskurði frá 17. desember 2002 sem barst skrifstofu dómstólsins 24. desember 2002, um ráðgefandi álit í málinu í málinu Paranova AS gegn Merck & Co Inc. o.fl. varðandi eftirfarandi spurningar:

1. Er um að ræða „haldgóðar ástæður“, í skilningi 2. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 89/104/EBE, sbr. 11. og 13. gr. EES-samningsins, í máli þar sem skilyrðin fyrir því að innflytjandi, sem stundar samhliða innflutning, geti umpakkað lyfjum og sett aftur á vörumerkið eru uppfyllt, en þar sem eigandi vörumerkisins er mótfallinn markaðssetningu á umpökkuðu vörunni með endurásettu vörumerki í umbúðum sem umræddur innflytjandi hefur látið merkja lituðum rákum og/eða öðrum grafískum táknum sem eru hluti af hönnun umbúðanna?
2. Í svarinu við þessari spurningu ber að geta þess hvort viðmiðið um nauðsyn sem dómstóll Evrópubandalaganna hefur beitt við túlkun á „haldgóðum ástæðum“, í skilningi 2. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 89/104/EBE, gildi einnig um útfærslu á hönnun umbúðanna, eða hvort frekari hönnun umbúðanna skuli eingöngu metin á grunvelli skilyrðanna um að umpökkunin megi ekki hafa skaðleg áhrif á orðstír eiganda vörumerkisins eða það orð sem fer af vörumerkinu.

Mál höfðað þann 20. janúar 2003 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn lýðveldinu Íslandi 2003/EES/16/05**(Mál E-1/03)**

Þann 20. janúar 2003 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA, 74, Rue de Trèves, B-1040 Brussel, mál gegn lýðveldinu Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum, en í fyrirsvari eru Niels Fenger og Elisabethann Wright, Eftirlitsstofnun EFTA sem umboðsmenn stofnunarinnar.

Kröfur sóknaraðila eru að dómstóllinn:

1. Lýsi því yfir að lýðveldið Ísland hafi, með því að hafa í gildi lög nr. 31 frá 27. mars 1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sem mæla fyrir um hærri skatt á flug frá Íslandi til annarra EES-ríkja en innanlandsflug og flug til Grænlands og Færeyja, vanrækt að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt 36. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.
2. Fyrirskipi lýðveldinu Íslandi að greiða málskostnað.

Staðreyndir málsins, lagaákvæði og málsástæður:

- Í 36. gr. EES-samningsins er kveðið á um afnám hafta á frelsi ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja til að veita þjónustu á EES enda þótt þeir hafi staðfestu í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en sá sem þjónustan er ætluð.
- Í 38. gr. EES-samningsins stendur að frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga falli undir ákvæði 6. kafla samningsins er fjallar um flutningastarfsemi. Í 39. gr. EES-samningsins er kveðið á um að ákvæði 30. og 32.–34. gr. skuli einnig gilda um frelsi til að veita þjónustu.
- Í 49. gr. EB-sáttmálans, sem svarar til 36. gr. EES-samningsins, er gert óheimilt að beita innlendum lagaákvæðum sem setja þjónustuveitanda skorður sem takmarka það frelsi sem kveðið er á um í þeirri grein, nema fyrir því séu hlutlægar ástæður. Jafnframt er gert óheimilt að beita innlendum lagaákvæðum sem gera það torveldara að veita þjónustu milli aðildarríkja en í einu aðildarríki eingöngu.
- Samkvæmt úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna er í 49. gr. EB-sáttmálans ekki aðeins mælt fyrir um afnám allrar mismununar milli þjónustuveitenda á grundvelli þjóðernis, heldur einnig afnám allra takmarkana, að meðtalinni lögbundinni gjaldtöku vegna þjónustu sem tengist flutningaþjónustu.
- Samkvæmt úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna er tilgangur reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins meðal annars sá að mæla fyrir um hvernig beita skuli, á sviði flutninga í lofti, meginreglunni um frelsi til að veita þjónustu, og að afnema í flugþjónustu höft á frelsi til að veita þjónustu innan marka sameiginlegrar stefnu í flutningamálum.
- Í lögum nr. 31 frá 27. mars 1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum er kveðið á um það í 1. mgr. 5. gr., með áorðnum breytingum, að greiða skuli „sérstakt gjald, flugvallagjald, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa“; í 1. mgr. 6. gr. að flugvallagjald skuli vera „1250,00 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa“; og í 1. mgr. 7. gr. að „flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, [skuli] greiða gjald er nemi 165,00 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum.“

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3086 – Gaz de France/Preussag Energie)**

2003/EES/16/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 20.3.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Gaz de France („GdF“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfirráð yfir starfsemi þýsku deildarinnar í fyrirtækinu Preussag Energie GmbH („PEG“, Þýskalandi), sem tilheyrir TUI-samstæðunni, með kaupum á hlutabréfum.
